

Stofnun félagsins

Óljóst er hver upprunalegi hvatinn var að stofnun Dýralæknafélags Íslands (DÍ) en ekki er fjarri lagi að álykta að koma tveggja nýútskrifaðra dýralækna til landsins um sumarið 1934 hafi átt þar drjúgan þátt. Þar með fjölgaði dýralæknum á Íslandi um 50% eða í sex talsins. Öllum starfandi dýralæknum landsins var um haustið boðið til fundar í Reykjavík og eins og segir í fyrstu fundargerð félagsins var Dýralæknafélag Íslands þá stofnað:

„Föstudaginn þ. 7. september 1934 komu dýralæknarnir á Íslandi, en þeir voru sex talsins, saman til fundar á Hótel Borg í Reykjavík til þess að halda með sér dýralæknafund.“

Segir svo í fundargerðinni að fyrsta mál sem liggja fyrir fundinum sé að stofna félagsskap með dýralæknum landsins. Var félagið síðan stofnað og nefnt Dýralæknafélag Íslands. Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð: Sigurður E. Hlíðar, formaður, en meðstjórnendur þeir Hannes Jónsson og Jón Pálsson.



Stofnendur Dýralæknafélags Íslands á stofnfundi 1934. Frá v.: Bragi Steingrímsson, Ásgeir Ó. Einarsson, Jón Pálsson, Sigurður E. Hlíðar og Ásgeir Þ. Ólafsson. Sjötti stofnandinn, Hannes Jónsson, var fjarverandi er myndin var tekin.

Í fyrstu lögum félagsins segir að tilgangur félagsins sé:

a. að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum íslenskra dýralækna.

- b. efla samhug og viðkynni stéttarinnar.
- c. mæta á opinberum vettvangi fyrir hönd íslenskra dýralækna.
- d. auka faglega þekkingu meðlima með fræðsluerindum, umræðum o.fl.

Meðlimir geta allir þeir orðið sem lokið hafa háskólaprófi í dýralækningum og starfa að dýralækningum á Íslandi. Atkvæðisrétt á fundum hafa þó þeir einir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Dýralæknum fjölgaði hægt á næstu áratugum sem rekja má til þess að atvinnumöguleikar voru litlir og fagið höfðaði kannski ekki til þeirra sem hófu nám á háskólastigi á þeim tíma. Einnig setti síðari heimsstyrjöldin strik í reikninginn þar sem dýralæknanám var eingöngu mögulegt að stunda við erlenda háskóla og er svo reyndar enn. Dýralæknum tók fyrst að fjölga á sjötta áratugnum og á 25 ára afmæli félagsins voru starfandi dýralæknar hér á landi 17 talsins, þar af var ein kona sem þótti sérstakt á þeim tíma. Á næstu árum fjölgaði dýralæknum lítið bæði vegna aukins námskostnaðar af völdum sífelldra gengislækkana og atvinnutækifæri byggðust enn að miklu leyti á framboði á störfum í opinbera geiranum. Ríkið var ekki ginkeypt fyrir því að auka fjárveitingar til dýralækninga frekar en orðið var, sérstaklega þar sem nú hafði náðst jákvæður árangur í baráttunni við hina skæðu sauðfjársjúkdóma sem bárust til landsins á fjórða áratugnum. Það er ekki fyrr en upp úr 1970 sem dýralæknum tekur að fjölga að marki.

Fjöldi starfandi dýralækna hér á landi hefur verið sem hér segir:

1930	1940	1950	1960	1970	1980	1990	2000	2004
4	6	9	18	20	36	74	86	93

Í dag eru 104 dýralæknar búsettir hér á landi og þar af eru tveir erlendir. Í störfum hjá ríki eru 37 og 6 hjá sveitarfélögum, 44 eru sjálfstætt starfandi dýralæknar, 6 aðrir eru við ýmis störf hjá einkafyrirtækjum og 11 eru eftirlaunaþegar. Við störf erlendis eru 26 íslenskir dýralæknar. Eftirtektarvert er að nú í dag eru 39 konur við dýralæknisstörf hér á landi eða tæp 42% af starfandi dýralæknum. Á síðustu 5 árum hafa 2 af hverjum 3 dýralæknum sem útskrifast verið konur og þetta hlutfall virðist lítið breytast í næstu framtíð. Sambærilegrar þróunar gætir einnig víðast hvar erlendis. Árið 1948 hóf fyrsta konan störf sem dýralæknir hér á land en það var Kirsten Henriksen. Af þeim dýralæknum sem eru starfandi hafa 12 dýralæknar lokið doktorsprófi og 12 dýralæknar fengið viðurkenningu til að kalla sig fagdýralækna. Faggreinarnar fjalla um smádýralækningar, hrossalækningar, nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit með afurðum sláturdýra og faraldsfræði dýrasjúkdóma.

Af þessari upptalningu má sjá að íslenskir dýralæknar hafa verið framsæknir og fylgst vel með í sínu fagi á undanförunum árum enda hefur viðurkenning á dýralæknismenntun og störfum dýralækna farið stöðugt vaxandi meðal þeirra sem þurfa á þjónustu dýralækna að halda.



Dýralæknar á 50 ára afmælisfundi Dýralæknafélags Íslands 28. júlí 1984.

Sitjandi frá vinstri: Ásgeir Ó. Einarsson, Jón Pálsson, Ásgeir Þ. Ólafsson og Guðbrandur E. Hlíðar. Standandi f.v.: 1. röð f.v.: Jón Guðbrandsson, Egill Gunnlaugsson, Birmir Bjarnason, Kirsten Henriksen, Steinn Steinsson, Karl Kortsson, Helga Finnsdóttir, Jón Pétursson, Brynjólfur Sandholt, Katrín Andrésdóttir, Einar Otti Guðmundsson, Gunnar Porkelsson og Gunnlaugur Skúlason.

2. röð f.v.: Ólafur Jónsson, Gísli Sverrir Halldórsson, Gunnar Gauti Gunnarsson, Sigurður Sigurðarson, Grétar Hrafn Harðarson, Rúnar Gíslason, Eggert Gunnarsson, Bárður Guðmundsson, Guðbjörg Þorvarðardóttir, Árni M. Mathiesen og Einar Örn Björnsson.

3. röð f.v.: Halldór Runólfsson, Ágúst Þorleifsson, Páll A. Pálsson, Sigurður Örn Hansson, Magnús Guðjónsson, Gunnar Már Gunnarsson, Ólafur Oddgeirsson, Helgi Sigurðsson, Þorsteinn Ólafsson, Sigurður H. Pétursson, Sveinn Helgi Guðmundsson, Aðalsteinn Sveinsson, Gunnar Örn Guðmundsson og Sverrir Markússon.

Lög um dýralækna

Fyrstu lög in um málefni dýralækna voru sett á Alþingi með lögum um dýralækna nr. 22, 2. október 1891. Fram til þess tíma höfðu stjórnvöld fengið erlenda dýralækna og lækna til að starfa hér að vísindalegum rannsóknum eða skipuleggja aðgerðir til útrýmingar harðvítugum dýrasjúkdómum sem höfðu borist til landsins og má þar fyrst og fremst nefna fjárkláðann.

Í lögnum frá 1891 segir að skipa skuli 2 dýralækna, annan í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu. Enginn dýralæknir hafði verið skipaður í landinu síðan Snorri Jónsson (1844–1879) var ráðinn dýralæknir 1870–1874 til aðstoðar í baráttunni við seinni fjárkláðann. Stjórnvöld álitu að hans þyrfti ekki lengur við þegar nokkur árangur hafði náðst í að hemja fjárkláðann og sögðu honum upp störfum. Rétt er að geta þess hér að fyrsti íslenski dýralæknirinn, Teitur Finnbogason (1803–1883), lauk prófi frá Dýralæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1833. Ekkert dýralæknisembætti var þá til hér á landi og var Teitur aldrei á föstum launum en honum voru öðru hvoru falin dýralæknisstörf í sambandi við útrýmingu seinni fjárkláðans.

Fyrri embættið (Suðuramtið) samkvæmt lögnum frá 1891 tókst ekki að skipa í fyrr en 1896 og hið síðara 1910. Síðan hefur landið ekki verið dýralæknislaust. Dýralæknisumdæmum fjölgaði í fjögur 1915 og 1933 var einu bætt við og öðru 1939. Árið 1943 var samþykkt breyting á lögum um dýralækna sem fól í sér að héraðsdýralæknirinn í Reykjavík var skipaður yfirdýralæknir jafnframt því að sinna áfram störfum héraðsdýralæknis. Dýralæknafélagið hafði óskað þess að staða yfirdýralæknis yrði sérstakt starf en ekki að hann gegndi áfram héraðsdýralæknisstarfinu eins og sagði í lögnum. Þessi breyting náði fyrst fram að ganga þegar nýr héraðsdýralæknir var skipaður í embætti Gullbringu- og Kjósarsýslu-umdæmis 1950.

Það var ekki fyrr en árið 1947 að gerðar voru efnislegar breytingar á lögnum um dýralækna frá 1891 og skipulag dýralæknastarfseminnar í landinu fært í nútímalegra horf. Jafnframt var tveimur dýralæknisumdæmum bætt við auk þess að einn dýralæknir skyldi starfa sem sérfræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Upp úr 1960 þótti dýralæknum að á ný væri kominn tími til að leita eftir endurskoðun á gildandi dýralæknalögum og létu þann vilja sinn í ljós við ráðamenn en við litlar undirtektir.

Til þess að þoka málinu áfram kaus aðalfundur DÍ nefnd árið 1967 til að semja frumvarp að nýjum dýralæknalögum. Í nefndina voru kosnir Guðbrandur Hlíðar formaður DÍ, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir og Brynjólfur Sandholt héraðsdýralæknir. Drög nefndarinnar að frumvarpi um ný lög um dýralækna ásamt ítarlegri greinargerð voru samþykkt á aðalfundi DÍ 1969 og send landbúnaðarráðherra með ósk um að hann legði frumvarpið fram á Alþingi til samþykktar. Jafnframt voru frumvarpsdrögin send Búnaðarþingi og skoraði það á ráðherra að leggja drögin fyrir Alþingi. Frumvarpið var samþykkt 1970 allmikið breytt og mörgum greinum þess breytt í heimildarákvæði. Mikilvægar greinar úr frumvarpinu voru enn að skila sér rúmlega 30 árum eftir að það var lagt fram.

Af þeim nýmælum í tillögum DÍ sem náðu fram að ganga má nefna sérstaklega,

- a) að greiða skyldi staðaruppbót í umdæmum þar sem mjólkurkýr voru færri en 1600,
- b) fyrir hver 10 ár sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum á fullum launum til framhaldsnáms ,og
- c) setja skyldi héraðsdýralæknum erindisbréf.

Heimildir í lögnum til að veita dýralækni lán þegar hann hæfi störf sem héraðsdýralæknir í fyrsta sinn og að sjá skyldi dýralæknisumdæmum fyrir sérstökum læknisáhöldum fengust aldrei nýttar.

Í frumvarpinu var einnig tillaga um að þegar héraðsdýralæknir færi í brýna vitjun umfram 50 km frá bústað sínum greiddi beiðandi vitjunar fyrir fyrstu 50 km en hið opinbera það sem umfram væri. Þetta þótti réttlætismál bæði til að jafna út ferðakostnaðinum og ekki sist út frá dýraverndarsjónarmiði og náði þetta fyrst fram að ganga þegar það var tekið upp í lög um dýralækna nr. 66/1998.

Á næstu áratugum fjölgar dýralæknisumdæmunum og flest urðu þau 31 með lögum um dýralækna frá 1981. Þrjú af þessum umdæmum voru aldrei setin þar sem ekki fékkst fé á fjárlögum til að greiða laun væntanlegra héraðsdýralækna.

Núgildandi lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr voru samþykkt á Alþingi í júní 1998 og komu að fullu til framkvæmda í lok ársins 1999.

Baráttumálin

Eins og fyrr segir liggja litlar upplýsingar fyrir um aðdraganda að stofnun félagsins. Alllíklegt er þó að umræður og ákvörðun um innflutning á karakúlfé hafi haft þar áhrif. Dýralæknarnir komið saman til að ræða ástandið og hvaða afleiðingar slíkur innflutningur kynni að hafa út frá faglegum sjónarhóli. Einnig hafa kjör og starfsaðstaða án efa borið á góma þar sem starfsskilyrði dýralækna á þessum tíma voru víða bágborin.

Á þessum tíma voru allir dýralæknar héraðsdýralæknar að einum undanskildum þannig að allar kjarabætur þurfti að sækja til ríkisvaldsins. Að loknum stofnfundi fóru því allir félagarnir til forsætisráðherra til að ræða áhugamál stéttarinnar, bæði faglegu þættina og ekki síður kjaramálin. Ekki er fært til bókar hver árangur þessa fundar varð.

Strax á næsta aðalfundi var samþykkt málefnskrá þar sem fram komu þau mál sem fundarmenn töldu að væru mest knýjandi að kæmu til framkvæmda á næstu árum.

Stjórninni var falið að leita til ríkisstjórnarinnar um framgang þessara mála. Í þessu skyni voru eftirtaldar ályktanir samþykktar:

1. Stofna skyldi kynbótabú sem yrði miðstöð allra tilrauna á sviði húsdýra- og alifuglaræktarinnar og snerti einnig innflutning alidýra, loðdýra og alifugla, bæði til kynbóta og uppeldis.
2. Til útrýmingar fjárkláða skyldi dýralæknum falið eftirlit og framkvæmd á öllu kláðasjúku fé og yfirvöldum sem fá tilkynningu um fjárkláða falið að snúa sér til hlutaðeigandi dýralæknis sem síðan lætur framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir m.a. tillögur um skipan baðstjóra og notkun viðurkenndra baðlyfja skv. gildandi lögum. Í þessu sambandi var sérstaklega rætt um möguleika á að sérstakur dýralæknir yrði ráðinn að Rannsóknastofu háskólans til að annast þau störf sem að dýrasjúkdómum lytu.
3. Skipa skyldi einn af dýralæknum landsins landsdýralækni sem væri ráðunautur ríkisstjórnarinnar auk þess að hafa eftirlit með lyfjabúðum og Rannsóknastofu háskólans hvað dýralyf snerti, árlegt eftirlit með sláturhúsum landsins og kjötskoðun, einnig eftirlit með mjólkurbúum og smjörbúum og sölu mjólkurafurða.
4. Nauðsynlegt væri að fá fleiri dýralækna til starfa þar sem landbúnaðar væri í mikilli framför og vexti og stefnt skyldi að fjölga þeim í framtíðinni upp í allt að tíu. Til að stuðla að aukinni aðsókn í dýralæknanám skorar aðalfundurinn á Alþingi að veita á ný námsstyrk til dýralæknanema en slíkur styrkur hafði verið felldur niður.

Auk þess var samþykkt að skora á ríkisstjórnina að veita utanfararstyrk til dýralæknis til þess að kynna sér nýjungar á sviði dýralækninga. Þá var samþykkt að leita samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og ritstjórn hins nýja blaðs „Freyr“ um ákveðið rúm í blaðinu fyrir greinar um dýralækningar eða skylt efni sem dýralæknar óskuðu að fá birtar.

Að lokum var skorað á sýslunefndir og búnaðarsambönd landsins að þau beittu sér fyrir því að komið yrði upp hæfilegum dýralæknisbústöðum með nægilegu landi til ræktunar, svo hægt sé að reka jarðrækt til stuðnings búi og praksís.

Einkennilegt má teljast að engar ályktanir eru gerðar um kjaramál á þessum fyrstu fundum þó að þau hafi án efa borið á góma.

Fyrsta umfjöllun um kjaramál er færð til bókar á aðalfundi DÍ 1937 en er þar mótmælt

lækkun kjötskoðunargjalds um einn eyri, þ.e.a.s. úr kr. 0.05 í kr. 0.04 pr. skrokk. Í greinargerð sem fylgdi með mótmælum félagsins til landbúnaðarráðuneytisins um að lækkunin yrði tekin til baka segir, að lækkunin sé óréttmæt enda hafi það verið viðurkennt að lækkunin skipti engu fyrir viðkomandi sláturhús en muni aftur á móti töluverðu fyrir dýralæknana sem eru með lægst launuðu opinberum starfsmönnum ríkisins.

Auk þess fylgi kjötskoðuninni óhjákvæmilega aukið starf vegna kröfu um nákvæmari innnyflaskoðanir í baráttunni við hina nýju sauðfjársjúkdóma sem nú höfðu náð allmikilli útbreiðslu.

Það er ekki fyrr en árið 1939 sem fyrsta gjaldskrá dýralækna er gefin út af landbúnaðarráðuneytinu þar sem dýralæknum er heimilt að taka gjald fyrir önnur störf en eftirlitsstörf. Fram til þessa höfðu héraðsdýralæknar eingöngu föst laun frá ríkinu, og giltu bæði fyrir embættisstörf og vinnu í sjúkrahúsum, en þar að auki skyldu þeir fá greidda fæðispeninga og ferðakostnað þegar þeir væru fjarri heimili sínu vegna opinberra starfa og í vitjunum fyrir einstaklinga.

Fyrsta áratuginn var starfsemi félagsins í lágmarki og fundir ekki haldnir árlega enda ríkti hér sérstakt ástand meðan síðari heimsstyrjöldin stóð yfir hvað snerti leyfi til ferðalaga innan lands, atvinnuástand og sjúkdómastöðu búfjár. Fyrir utan karakúlsjúkdómanna bærust til landsins á þessu tímabili áður óþekktir sjúkdómar með matvælum sem flutt voru inn til hernámsliðsins og má þar nefna sjúkdóma eins og svínapest og blöðrupot í svínum.

Árið 1957 voru samþykkt á Alþingi lög um embættisbústaði og náði þá fram að ganga eitt helsta baráttumál dýralækna. Í framhaldi af því voru byggðir eða keyptir dýralæknabústaðir í öllum dýralæknaumdæmum nema á Selfossi, Akureyri og í Reykjavík þar sem ekki þótti ástæða til að kaupa bústaði á þéttbýlissvæðum. Nokkurn tíma tók að ná þessu markmiði þar sem framkvæmdir voru í takt við fjárveitingar og fjárveitinganefnd frekar treg í taumi eins og fyrri daginn. Á eftirstríðsárunum meðan innflutningshöft voru í algleymingi var einn mikilvægasti þátturinn í starfi stjórnarinnar að útvega innflutningsleyfi fyrir bifreiðakaupum handa dýralæknum. Árangurinn var löngum smár og dýralæknar urðu að kaupa sínar bifreiðar á svörtum markaði á uppsprengdu verði til að sinna sínu starfi.

Gjaldskrá fyrir dýralækna, sem samþykkt skal af landbúnaðarráðuneytinu á endurskoðuð frá grunni 1958. Þar var í fyrsta sinn samþykkt startgjald og greiðsla fyrir tíma í vitjunum. Eitt megin verkefni allra stjórna var að berjast við Landbúnaðarráðuneytið um að gjaldskráin hækkaði í takt við kaupgjaldsvísitölu ogsambærilega launataksta annarra stétta. Þetta var löngum erfitt stríð og dýralæknar fóru oft með skarðan hlut úr þeirri baráttu. Samkvæmt gildandi samkeppnislögum er sameiginleg gjaldskrá ekki lengur heimiluð og þessi barátta er nú fyrir bí. Ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþykkt í árslok 1986. Í þessum samningum var kjaradómur lagður niður en þess í stað kveðið á um að samningsrétturinn væri nú að fullu í höndum viðkomandi stéttarfélags og heimild til að fara í verkfall. Í framhaldi hófust samningaviðræður milli launadeildar fjármálaráðuneytisins og DÍ og náðust samningar í apríl 1987. Var þar m.a. kveðið á um að vaktskylda héraðsdýralækna væri 24 klst. á dag alla daga ársins en þeir skyldu þó að jafnaði vera undanskyldir vaktskyldu einn dag í viku. Til þess að ná þessu takmarki skulu nágrannadýralæknar skipuleggja sín á milli gagnkvæm vaktaskipti. Greiðsla skuli koma fyrir vaktir þar sem ekki er hægt að koma vaktaskiptum við.

Kjarasamningar við ríkið voru lausir í lok 1988 og setti DÍ kröfur um endurskoðun á vaktakerfinu ásamt endurbótum varðandi endurmenntun, sem hvoru tveggja hafði verið erfitt að fá uppfyllt. Dýralæknar í þjónustu ríkisins samþykktu að boða til verkfalls þann 11. apríl 1989 ef samningar hefðu ekki náðst fyrir þann tíma. Samningar náðust ekki og fóru dýralæknar í verkfall ásamt öðrum aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM). Sett var upp vaktmiðstöð í Reykjavík þar sem vitjanabeirðir voru metnar af dýralæknum og fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins til að afstýra neyðarástandi. Verkfallinu lauk hinn 18. maí með undirskrift nýs kjarasamnings. Fyrir utan kjarabætur í hinum almenna kjarasamningi fengu dýralæknar fram í sérstakri bókun að skipuð var sérstök nefnd sem fjalla skyldi um embættis- og vaktskyldu héraðsdýralækna og miðað við að héraðsdýralæknum yrði gert kleift að njóta vikulegra frídaga eins og sambærilegar starfstéttir. Samningur um nýjar reglur um vaktaskipan var undirritaður í október 1989 og lokasamningur í júní 1992.

Við skipan í embætti héraðsdýralækna töldu dýralæknar að landbúnaðarráðherrar hefðu oft ekki tekið tillit til starfsaldurs og menntunar. Það væri því ekki á vísan að róa í þeim efnum að dýralæknar fengju uppskorið sem vert væri fyrir að sitja í tekjuminniumdæmum og jafnframt oft farið í að auka við menntun sína svo að þeir stæðu betur í stykkinu í þjónustu við bændur og aðra dýraeigendur. Í breytingu á lögum um dýralækna sem samþykkt var 1989 er að finna ákvæði sem segir að skipa skuli nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralækna og gerir tillögu til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja og var þarna komið til móts við óskir dýralækna um tilraun að réttlátari skipun í stöður héraðsdýralækna. Hæfnisnefndin tók til starfa eftir nánari útfærðum starfsreglum sumarið 1989.

Mikill kurr kom upp meðal dýralækna vegna ákvæðis í nýjum lyfjalögum nr. 94/1994 þar sem dýralæknum var gert óheimilt að selja dýralyf. Þessu ákvæði var breytt í fyrra horf fyrir jólin 1994. Upp úr 1990 jókst þeirri skoðun stöðugt fylgi að tími væri kominn til að breyta skipan dýralæknisþjónustunnar í landinu með tilliti til margvíslegra breyttra aðstæðna frá því lög um dýralækna nr. 77/1981 voru samþykkt. Miklar breytingar höfðu orðið á fjölda búfjár til fækkunar í mörgum umdæmum á þessum tíma, bú stækkuð og fólki fækkað sem vann að framleiðslustörfum búfjárafurða, gæludýrum fjölgað og samgöngur farið stöðugt batnandi. Sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgað og mikils misræmis gætti í aðstöðu þeirra gagnvart héraðsdýralæknum. Einnig þótti hlutverk héraðsdýralækna vera í andstöðu við ríkjandi skoðanir um aðskilnað eftirlits og þjónustu.

Með þetta í huga samþykkti aðalfundur DÍ árið 1995 að skora á landbúnaðarráðherra og Alþingi „að taka til endurskoðunar lög um dýralækna nr. 77/1981 og breyta þeim í samræmi við breytt starfsumhverfi dýralækna og þjóðfélagið í heild.“ Í framhaldi skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að semja frumvarp að nýrri dýralæknaskipan í landinu og ný lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr voru samþykkt á Alþingi. Nokkur dráttur varð á að þau tækju gildi þar sem samningar um laun héraðsdýralækna og þóknun fyrir vaktir urðu erfiðari en búist var við. Margar og miklar breytingar er að finna í þessum lögum miðað við lögin frá 1981 með síðari breytingum. Hér skal aðeins dregið á þær helstu:

Í fyrsta lagi var reynt eftir megni að skilja að læknisþjónustu og eftirlitsstörf sem tókst þar sem dýrapéttleiki var meiri en aftur á móti ekki sem skyldi á dreifbýlli svæðum. Í öðru lagi að ríkið tryggði dýralæknavakt um land allt allan sólarhringinn árið um kring með skipan vaktsvæða þar sem ríkið greiðir sérstaklega fyrir þessa þjónustu. Í þriðja lagi til að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis betri dýralæknisþjónustu

skyldi hið opinbera greiða hluta ferðakostnaðar og þar með væri frekara jafnræðis gætt.

Í fjórða lagi var heimilt að veita dýralæknum sérfræðiviðurkenningu á sviði dýralækninga.

Í fimmta lagi voru stöður sérgreinadýralækna lögfestar.

Í sjötta lagi var kveðið á um að yfirdýralæknir skuli hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómavarna og forvarnarstarfa.

Í sjöunda lagi var grein fyrri laga um heimild landbúnaðarráðherra til að styrkja sýslufélög á svæðum, þar sem dýralæknar voru ekki starfandi til að semja við menn þar búsetta og þekktir voru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, felld niður. Þessi lagagrein hafði eftir að dýralæknum fjölgaði verið þeim mikill þyrnir í augum en fékkst ekki felld niður fyrr en við þetta tækifæri.



Á verkfallsvakt 1989. F.v.: Þorvaldur H. Þórðarson og Sigurður H. Pétursson.



Háleggur, praksís-bíll Guðbrandar E. Hlíðar. Rússneskur jeppi með fólksbíla yfirbyggingu, 1958.



Hannes Jónsson dýralæknir, lengst til hægri, og tveir bandarískir dýralæknar að skoða kind vegna gruns um fjárkláða 1943.

Dýralæknaþjónusta

Upphaf dýralæknaþjónustu hér á landi má rekja til þess að fyrirtæpri öld voru gerðar kröfur um að heilbrigðisskoða skyldi allarsláturafurðir sem ætlaðar voru til útflutnings til Bretlands. Má því segja að fyrstu störf dýralækna snúist um þennan þátt en ekki umlækningar dýra. Umhverfi dýralækna var ekki hagstætt til að stunda dýralækningar nema í næsta nágrenni við búsetu þeirra þegar ferðast var um á hestum eða sjóleiðis á bátum. Dýralækningar á þessum tíma fólust mest í að fræða bændur um sjúkdóma og forvarnir og síðar að gefa ráð í gegnum síma. Má segja að heilbrigðisskoðun á sláturhúsum og hrossageldingar hafi verið uppistaðan í starfi dýralækna fyrstu tvo áratugina á síðustu öld er rættist úr samgöngum á landi. Sigurður Hlíðar var dýralæknir á Norðurlandi og bjó á Akureyri. Hann segir skemmtilega sögu úr praksís þegar hann var beðinn að koma og gelda fola vestur í Skagafirði. Þannig var að Skagfirðingar báðu Sigurð um að koma vestur í Skagafjörð í geldingatúr, þeir myndu smala óvönuðum folum saman tiltekinn dag. Samið var um verð, kr. 5.00 á hvern fola. Sigurður reið svo vestur og var kominn þangað á tilteknum tíma. Höfðu Skagfirðingar þá smalað mun fleiri folum saman en ráð var fyrir gert og vildu nú fá afslátt á umsömdu verði, þar sem folarnir voru fleiri en áætlað var. Eftir nokkuð þjark gaf Sigurður kost á því að vana folana fyrir kr. 3.50 hvern að því tilskyldu að Skagfirðingar tækju að sér að handsama folana, binda þá og svæfa, svo að aldrei stæði á, en Sigurður framkvæmdi sjálfa aðgerðina. Var nú tekið til starfa og hvergi dregið afsér. Gengu hvatningar- og frýunarorð á víxl og var unnið í einni lotu uns lokið var aðgerðum á öllum folunum eða í nærri þrjú dægur. Þá höfðu 243 folar verið vanaðir og mun slík þolraun einsdæmi við það verk.



Mynd þessi var tekin er efnt var til stórhátíðar í tilefni af 70 ára afmæli Sigurðar E. Hlíðar yfirdýralæknis vorið 1955. Fremri röð frá vinstri: Kirsten Henriksen, Carmen Maria Kortsson, Guðrún Árnadóttir, Guðrún Louise Guðbrandsdóttir, Áslaug Ólafsdóttir Stephensen, Lára Sigurbjörnsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Páll Agnar Pálsson, dr. Karl Kortsson (Helmut Brückner),

Ásgeir P. Ólafsson, Guðbrandur Einar Hlíðar, Sigurður E. Hlíðar, Jón Pálsson og Ásgeir Ó. Einarsson.

Upp úr 1930 urðu miklar breytingar á vegakerfinu og samgöngur bötnuðu. Við það jókst dýralæknaþjónusta við bændur og þeir sáu sér hag í því að sækja dýralækni til sjúkra gripa frekar en að gefa sjálfir inn lyf og fá aðstoð nærgætinna manna til aðstoðar.

Vissulega voru víða á landinu svæði sem erfitt var að veita þessa þjónustu og hefur svo verið allt fram á þennan dag.

Næsta breyting má segja að hafi skeð upp úr 1960 þegar dýralæknum fjölgar og flest dýralæknisumdæmi eru setin. Þá faradýralæknar að koma sér upp aðstöðu til aðgerða þar sem hægt var að framkvæma algengar aðgerðir á smærri dýrum og má nefna að keisaraskurðir á ám urðu mjög algengir á þessum árum. Ekki má gleyma hlutverki húsmóðurinnar í rekstri dýralæknaþjónustunnar á þessum árum áður en hún var eins konar ígildi bílasíma og gema. Eftir að dýralæknirinn fór út í vitjun var hún sú sem veitti upplýsingar um hvar væri hægt að ná í dýralækninn ef upp komu neyðartilvik og afgreiddi lyfjapakka og lausasölulyf til bænda í fjarveru dýralæknisins. Var þetta til hagsbóta bæði fyrir bændur og dýralækninn.



Samstarfspraksís í Reykjavík í desember 1984. Standandi f.v.: Árni M. Mathiesen, Magnús H. Guðjónsson, Björn Steinbjörnsson, Ólafur Oddgeirsson og Þorvaldur H. Þórðarson. Sitjandi: Eggert Gunnarsson, Brynjólfur Sandholt og Helgi Sigurðsson.

Síðasta breytingin hefst af alvöru um 1980 samfara fjölgungæludýra og hrossa í þéttbýli til afþreyingar. Meiri kröfur voru nú gerðar til dýralækna um fjölbreyttari þjónustu og krafa um stöðuga viðveru staðreynd. Bygging spítala og dýralæknastofa hófst á næstu árum og í dag er erfitt fyrir dýralækni að starfa án þess að þessi aðstaða sé fyrir hendi. Jafnframt hafa dýralæknar slegið sér saman um aðstöðu til að geta veitt faglegri þjónustu og ekki síst til að losna við stöðuga vaktskyldu og fá þannig mannsæmandi vinnutíma.

Ekki er hægt ljúka þessum kafla um dýralæknaþjónustu án þess að minnst Íslandsvinarins og öðlingsins Mark Watson, sem færði þjóðinni að gjöf eitt stykki smádýraspítala með öllum búnaði árið 1974, til þess að veita sem mesta og besta þjónustu við íslensk gæludýr.



Samstarfspraksís í Garðabæ í júní 2004. Á myndinni eru frá hægri: Dýralæknarnir Anna Ólöf Haraldsdóttir, Ragnildur Ásta Jónsdóttir og Jakobína Björk Sigvaldadóttir, ásamt Láru Tryggvadóttur aðstoðarstúlku. Á myndina vantar Hönnu Maríu Arnórsdóttur dýralækni.

Menntun dýralækna

Dýralæknar hafa alla tíð þurft að sækja menntun sína til erlendra háskóla. Í upphafi sóttu þeir til Danmerkur en síðar einnig til Þýskalands og Noregs og fáeinir hafa fengið menntun sína í Svíþjóð, Bretlandi og Austurríki. Eins og gefur að skilja eru áherslur í kennslu mismunandi eftir löndum og tekur mið af þeim dýrasjúkdómum og vandamálum sem við er að etja á hverjum stað. Með þetta í huga hafa íslenskir dýralæknar víðtæka þekkingu og standa betur að vígi í baráttunni við að sjúkdómar berist til landsins vegna vaxandi þrýstings um aukinn innflutning dýra og búfjárafurða í sambandi við alheimsvæðinguna, sem tröllríður allri landbúnaðarumræðu um þessar mundir.

Fyrsti dýralæknaskóli í Evrópu var stofnaður í Lyon í Frakklandi árið 1761 og í Kaupmannahöfn 12 árum síðar. Fyrsti Íslendingurinn sem sækir nám í dýralækningum er Teitur Finnbogason sem útskrifast frá Dýralæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1833. Þó að miklar pestir hafi herjað á íslenskan búpening frá því um miðja átjándu öld, fyrst fjárkláðinn og síðan pest í sauðfé upp úr aldamótunum 1800, þá kom ekki áhugi fram um að mennta dýralækni til að starfa hér á landi fyrr en 1831. Það ár gaf konungur út tilskipun um að senda velhæfan námsmann þriðja hvert ár til náms við Dýralæknaháskólann í Kaupmannahöfn og koma síðan til starfa

á Íslandi að loknu námi. Kostnaður skyldi greiddur af landsmönnum samkvæmt lausafjártíund. Teitur var sá fyrsti og eini sem naut þessa námsstyrks. Á næstu árum koma fram tillögur á Alþingi um að auka dýralæknabjónustu í landinu þar sem ýmsir dýrasjúkdómar og þá sérstaklega fjárkláðinn hinn síðari herjuðu á búpening landsmanna. Frumvarp stjórnarinnar, sem hún lagði fram á Alþingi 1877 um bættu dýralæknabjónustu í landinu, var fellt eins og hinar fyrri tillögur. Fyrstu lög um dýralækna voru samþykkt 2. október 1891 og fyrsti embættisdýralæknirinn skipaður 1. nóvember 1896 sem var Magnús Einarson. Næsti dýralæknir kom til starfa árið 1910 og síðan koll af kalli. Í dag hafa 138 Íslendingar lokið námi í dýralækningum að því best er vitað en þeir hafa ekki allir komið til starfa hér á landi.

Til þess að öðlast starfsréttindi sem dýralæknir hér á landi þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Til þess að fá inngöngu í dýralæknaháskóla þarf að hafa gott stúdentspróf þar sem mikil eftirsókn er eftir að komast að og innganga víða háð fjöldatakmörkunum. Dýralæknanámið tekur 51/2–6 ár við flesta dýralæknaháskóla og skiptist í bóklegt og verklegt nám. Náminu má skipta upp í þrjá hluta.

Á fyrsti hluta eru kenndar greinar eins og efnafræði, líffærafræði, lífefna- og lífeðlisfræði, erfða- og frumufræði.

Á öðrum hluta eru kennd gerla-, sníkla- og veirufræði, lyfjafræði og umhverfisfræði. Á síðasta hluta fer fram kennsla í sjúkdómagreiningu, sjúkdómafræði, lyf- og skurðlækningum, fæðingarhjálp, matvælaeftirliti, dýravernd og lögum sem snerta dýralækningar. Víðast er þess krafist að nemandi ljúki lokaverkefni og vinni ákveðinn tíma með dýralæknum við almennar dýralækningar.

Dýralæknaháskólar

Hér verður farið nokkrum orðum um þá dýralæknaháskóla sem íslenskir dýralæknar hafa sótt menntun sína til í gegnum tíðina.

Dýralæknaháskólinn í Kaupmannahöfn

Árið 1773 stofnaði P.C. Abildgaard Den kongelige Veterinærskole í Kaupmannahöfn og var það fyrsti dýralæknaskólinn sem stofnaður var á Norðurlöndum.

Aðsetur hans var fyrst í Christianshavn en flutti upp á Fredriksberg 1858 þar sem hann er enn.

Með lögum frá 1856 um stofnun Dýralækna- og Landbúnaðarháskóla var dýralæknaskólinn sameinaður landbúnaðarskólanum og síðan hafa þessir skólar verið reknir í sameiningu og kallast Den Kongelige Veterinær- og



Landbohøjskole. Vaxandi umræða hefur farið fram í Danmörku og víðar vegna kröfu um stöðugt aukið námsefni til dýralæknaprófs, sem rekja má til geysilegrar þróunar í vísindageiranum á undanförunum árum samfara því að engu má helst sleppa. Þetta hefur leitt til þess hvort ekki sé kominn tími til að skifta upp náminu á síðari stigum með meiri sérhæfingu í huga en ekki eins og nú er með alhliðamenntun dýralæknis og sérhæfingu að því loknu. Það verður spennandi að fylgjast með þessari þróun á næstu árum.

Undanfarin ár hafa verið teknir inn um 135 stúdentar á ári og er það tvöföldun á

fjölda stúdenta frá því um miðja síðustu öld. Á tímabilinu 1948–57 voru konur um 5% af dýralæknastúdentunum en í dag eru þær um 75% og hefur svo verið sl. 10–15 ár. Alls hafa 55 Íslendingar útskrifast frá skólanum síðastliðin 170 ár.

Dýralæknaháskólinn í Ósló

Norges Veterinærhøgskole var tekinn í notkun 2. september 1935 en þá hófu 15 stúdentar (allt strákar) nám við skólann. Vígsla skólans fór þó ekki fram fyrr en árið eftir, þann 27. ágúst

1936. Tillögur um stofnun dýralæknaskóla í Noregi eiga sér þó langa sögu og má rekja fyrstu hugmyndir um stofnun dýralæknaskóla allt aftur til ársins 1811. Það tók því 124 ár að láta drauminn um eigin dýralæknaskóla rætast. Á meðan sóttu norskir dýralæknanemar menntun sína til skólanna í Kaupmannhöfn, Stokkhólmi og Hannover.

Í byrjun sóttu fáar konur nám í dýralækningum og á árunum frá 1935 til 1950 hófu aðeins 11 konur nám við skólann. Á tímabilinu 1950–70 voru teknar inn 2–4 konur á ári. Á 50 ára afmæli skólans var hlutfallið 50–50, en nú á seinni árum eru konur allt að 80% af þeim sem fá skólavist.

Nemendum hefur stöðugt fjölgað og hefur tala þeirra sem teknir eru inn árlega fjórfaldast frá upphafi og er nú um 60. Auk þess hefur ríkið greitt skólagjöld fyrir 15 dýralæknanema við erlenda háskóla, í Uppsölum, Edinborg og Bristol.



Á fimmta áratugnum var handsalað samkomulag um að íslenskir stúdentar fengju aðgang að skólanum og árið 1950 hófu þrír Íslendingar nám og allt fram á þennan dag hafa íslenskir stúdentar fengið inni á skólanum. Meðan verið var að fullgera dýralæknaháskólann í Helsinki fengu finnskir dýralæknanemar á árunum 1950–60 aðgang á seinni hluta til að ljúka námi. Stöðugar breytingar eiga sér stað á námsskrá skólans og

má nefna að greinar eins og grasa- og dýrafræði og heimspeki hafa verið felldar niður á fyrsta hluta til að rýma fyrir kennslu í fisksjúkdómum, svo eitthvað sé nefnt. Nú eru miklar umræður í gangi um að sameina Landbúnaðarháskólann á Ási og Dýralæknaháskólann í Ósló með framtíðaraðsetur á Ási og sýnist sitt hverjum. Margir íslenskir dýralæknar hafa sótt framhaldsmenntun sína til skólans og stjórnendur og starfsfólk hafa verið íslenskum dýralæknum innan handar þegar leitað hefur verið eftir aðstoð í greiningu dýrasjúkdóma og öðrum dýralæknamálum. Alls hafa 49 íslenskir dýralæknar útskrifast frá skólanum síðan 1957.

Dýralæknaháskólinn í Hannover



Der Tierärztliche Hochschule in Hannover var stofnaður árið 1778 og hefur þá sérstöðu innan Þýskalands að vera sjálfstæður háskóli í dýralækningum. Skólinn var fluttur árið 1899 frá Clever Tor til Bischoferholer Dam þar sem hann er í dag. 1953 voru nokkrar deildir fluttar í nýjar byggingar við Westfalahof í Kirchrode og í framtíðinni er fyrirhugað að flytja allan skólann þangað.

Við skólann starfa um 935 manns og nemendur í dýralækningum eru ca. 2.000 og um 500 líffræðinemar stunda nám við skólann.

Árlega eru útskrifaðir um 250 dýralæknar.

Nám til dýralæknaprófs tekur 9 annir. Auk þess skulu stúdentar ljúka verklegri þjálfun í eftirfarandi greinum:

11/2 mánuð hjá starfandi dýralækni eða á dýralæknastofu.

11/2 mánuð á sláturhúsi við kjötskoðun.

3ja mánaða dvöl að eigin ósk hjá starfandi dýralækni, á sláturhúsi eða viðurkenndri rannsóknastofnun.

Venjulegt dýralæknánám tekur 51/2 ár og doktorsnám 21/2 ár til viðbótar.

Mikil rannsóknastarfsemi fer fram við skólann og hefur verið unnið að allt að 500 verkefnum árlega og fé sem veitt hefur verið til rannsókna á ári numið sem svarar 45 milljónum evra.

Fyrsti íslenski dýralæknirinn útskrifaðist frá Hannover árið 1928 og síðan tveir 1934 en sá næsti ekki fyrr en 1962. Alls hafa 27 íslenskir dýralæknar útskrifast frá skólanum fram til þessa dags.

Dýralæknaháskólinn í Edinborg

Royal (Dick) School of Veterinary Studies í Edinborg hóf reglulega kennslu í dýralækningum í nóvember 1823, en áður hafði William Dick stofnandi skólans haldið fyrirlestra fyrir nemendur í sérstökum greinum dýralækninganna. Skólinn var upphaflega til húsa í smiðju föður Dicks, sem var járnringamaður. Árið 1833 var þessi aðstaða við Clyde Street endurbætt og var skólinn þar þangað til 1914 er hann flutti í nýtt húsnæði við Summerhall sem enn eru í notkun.

Dick lést 1866 og þá höfðu 818 stúdentar lokið námi frá skólanum en hann hafði fengið viðurkenningu sem háskóli (College) árið 1839.

Meðal þeirra voru dýralæknar sem stofnuðu dýralæknaskóla í Kanada, USA, Ástralíu og Írlandi. Einn af nemendum skólans John McFadyen kom við sögu hér á landi í sambandi við rannsóknir á Karakúlpestunum en hann varð síðar rektor við London Veterinary School.

Árlega eru teknir inn um 100 stúdentar og eru skólagjöld 2/3 hluta nemenda styrktir af ríkinu en 1/3 hluti nemenda verður að greiða fullt gjald. Skólagjöld til BVM&S gráðu fyrir árið 2004–05 eru 15.000 sterlingspund en hægt er að sækja um margvíslega styrki til að lækka þennan kostnað. Auk þess eru að jafnaði milli



30–50 M.Sc. nemendur og 120 nemendur sem vinna að sérstökum rannsóknaverkefnum. Kennarar við skólann eru um 70 talsins.

Með náminu verða stúdentar að taka 36 vikna praktískt nám „seeing practice“ hjá starfandi dýralæknum eða öðrum sambærilegum stofnunum til þess að öðlast reynslu sem ekki fæst á skólanum.

Árið 1951 varð skólinn hluti af Háskólanum í Edinborg og árið 1964 sérstök deild í háskólanum. Við síðustu endurskipulagninguna árið 2002 var deildarskiptingin aflögð og nú er skólinn hluti af Lækna- og dýralæknaháskólanum (College of Medicine and Veterinary medicine).

Fimm Íslendingar hafa lokið dýralæknaprófi við skólann.

Dýralæknaháskólinn í Uppsölum

Fyrsti dýralæknaskólinn í Svíþjóð var Veterinärinrätningen i Skara sem var stofnaður árið 1775. Skólinn var einkaskóli stofnaður og rekinn af Peter Hernquist en hann hafði dvalið við Dýralæknaskólann í Lyon í Frakklandi til að forframast í dýralæknafræðum. Samtíms Hernquist í Lyon var einmitt Abildgaard sem var frumkvöðull að stofnun dýralæknaskólans í Kaupmannahöfn tveimur árum fyrr.



Konunglegur dýralæknaskóli tók síðan til starfa í Stokkhólmi 1823 mest fyrir það að upp kom alvarlegur hrossasjúkdómur í konunglegri hrossakynbótastöð í Stokkhólmi sem kallaði á nærveru dýralækna.

Starfaði hann þar fram til 1875 er hann flutti á árunum 1873–77 í nýjar byggingar í Ultuna við Uppsala og sameinaðist þar 1. júlí 1877 Landbúnaðarháskólanum og Skógmeistaraskólanum í eina stofnun, Sveriges Lantbruksuniversitet (SLU).

Dýralæknaskólinn í Skara starfaði með ýmsum breytingum fram til 1. júlí 1889 en kennsla í járningum hélst þar þó áfram. Kennsla í dýralækningum hófst þar að nýju árið 1975 en þá sem hluti af Dýralæknaháskólanum.

Í ár eru teknir 82 stúdentar til náms í dýralækningum. Þrír Íslendingar hafa lokið prófi við Dýralæknaháskólann í Uppsölum.

Dýralæknaháskólinn í Vín

Dýralæknaháskólinn í Vín var stofnaður 1767 eftir tilskipun frá Maríu Theresiu keisaraynju. Hann mun vera þriðji elsti dýralæknaskólinn, stofnaður á eftir frönsku skólunum í Lyon og Alfort.

Var skólinn stofnaður til að reyna að sporna við dýrasjúkdómum sem þá herjuðu í Evrópu og ekki síður til að styrkja herinn með því að lækna og efla hestakost hans.

Skólinn fékk árið 1777 nafnið hinn Keisaralegi – konunglegi dýraspítali og var honum fundinn staður í miðborg Vínar, í þáverandi mjólkurbúi Jesúíta sem stóð í 3. hverfi. Eftir 1905 fékk skólinn nafnið K.u.k. Tierärztliche Hochschule.

Það var svo árið 1823 að ný aðalbygging skólans var tekin í notkun á þeim stað, en skólinn stóð við Wienzeile í þriðja hverfi, steinsnar frá Stadtpark í miðborg Vínar. Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar var skólinn geyrðilagður í loftárásum, en þrátt fyrir það tókst að halda rannsóknum og kennslu áfram. Byggingar voru lagfærðar og að hluta endurbyggðar 1968. Á þessum árum hét skólinn Tierärztlich Hochschule in Wien, en árið 1975 var nafni hans og skipulagi breytt og skólinn nefndur Veterinärmedizinische Universtät Wien.

Á þessum tíma voru starfandi við skólann 25 stofnanir og rannsóknastofur. Það var síðan árið 1995 til 1996 að skólinn er fluttur í nýtt glæsilegt húsnæði í 22. hverfi Vínar, sem er úthverfi og liggur austan Dónár.

Arkitektinn Sepp Stein hannaði byggingar sem nú hýsa skólann og mun skólinn vera einn sá nýttiskulegasti sem um getur. Skólabyggingarnar standa á 15 hektara svæði og eru byggingarnar alls um 47. Þarna er aðstaða til náms fyrir allt að

2800 stúdenta og 600 starfsmenn.

Starfandi eru sjö klínískar deildir og þrjár rannsóknastofnanir við skólann.

Tveir Íslendingar hafa útskrifast frá Dýralæknaháskólanum í Vín.

Útgáfustarfsemi

Á fyrsta fundi félagsins var ákveðið að gefa út fjölritað blað sem ræddi mál stéttarinnar og önnur fagmál. Ekki hafa varðveitst nein eintök af þessu blaði og óvíst hvort það hafi nokkurn tíma séð dagsins ljós. Þar kann að hafa haft nokkur áhrif að skömmu síðar var ákveðið að leita eftir aðgangi að búnaðarritinu Frey með birtingu greina um dýralæknamál.

Á aðalfundi félagsins 1979 kom fram tillaga um að hefja útgáfu tímarits á vegum félagsins. Ákveðið var að nefna ritið DÝRALÆKNARITIÐ og kom 1. tölublað út í júní 1980. Fyrstu ritstjórn skipuðu dýralæknarnir Eggert Gunnarsson, ábm., Helgi Sigurðsson, Sigurður H. Pétursson og Þorsteinn Ólafsson.

Tímaritið skyldi flytja faglegt efni og vera vettvangur til miðlunar þekkingar og reynslu á hinum ýmsu sviðum dýralækninga. Misjafnlega hefur tekist um söfnun efnis í ritið og þar hefur mest mætt á ritstjóra. Lengi komu út að jafnaði tvö til þrjú tölublöð á ári en undanfarin ár hefur heldur tregðast um í útgáfustarfseminni.

Í byrjun árs 1987 hóf göngu sína Fréttabréf Dýralæknafélags Íslands. Tilgangurinn með útgáfu fréttabréfsins var að auka upplýsingastreymi frá stjórn og nefndum DÍ til félagsmanna sinna. Einnig að félagar og aðrir gætu komið skoðunum sínum á framfæri um alla þætti sem snertu dýralækningar og aðstöðu dýralækna þar sem betur mætti fara. Útgáfa Fréttabréfsins hefur nokkuð haldist í hendur við starfsfjór stjórn DÍ og mikilvægi þeirra mála sem efst eru á baugi á hverjum tíma.

Fræðsluefni

Það er ekki fyrr en upp úr 1960 að tekinn var upp sá siður að halda fræðslufundi samfara aðalfundinum þar sem einstakir dýralæknar voru fengnir til að segja frá reynslu sinni eða upplýsa um nýja sjúkdóma og það sem var efst á baugi varðandi sjúkdómagreiningar í dýrum, kynningu á nýjum lyfjum og notkun þeirra.

Þetta hefur síðan verið fastur liður á flestum aðalfundum félagsins og einnig haust- og vorfundum eftir því sem ástæða hefur þótt til.



Námskeið í viðbragðsáætlunum gegn smitsjúkdómum.

Fyrirlesarar hafa komið frá erlendum dýralæknaháskólum og rannsóknastofnunum sem og frá skyldum fræðigeirum.

Heiðursfélagar



Heiðursfélagar DÍ: F.v.: Svein Kvaløy, Ásgeir Ó. Einarsson, Ásgeir Þ. Ólafsson, Jón Pálsson, Guðbrandur E. Hlíða, og Erik Blom.

Heiðursfélagar

Í 3ju grein laga félagsins segir að aðalfundur geti kosið dýralækna, vísindamenn eða aðra sem heiðursfélaga. Til þess þarf samþykki þriggja fjórðu hluta fundarmanna. Á fimmtíu ára afmæli félagsins þótti við hæfi að kjósa í fyrsta sinn heiðursfélaga samkvæmt þessari grein.

Heiðursfélagar Dýralæknafélags Íslands frá 1984 eru: Ásgeir Ó. Einarsson, Ásgeir Þ. Ólafsson, Guðbrandur E. Hlíðar, Jón Pálsson, Svein Kvaløy og Erik Blom. Páll A. Pálsson var gerður heiðursfélagi 1994.



Aðalfundur DÍ á Bifröst 1984. 50 ára afmæli félagsins



Afmælishóf DÍ að Bifröst 1984

Skemmtanir

Á árum áður þegar samgöngur voru erfiðar og dýralæknar fáir

voru samskipti milli þeirra ekki eins auðveld og í dag. Aðalfundir félagsins voru því það tækifæri þegar dýralæknar og makar gátu borið saman bækur sínar og sýnt sig og séð aðra ef svo má að orði komast. Að loknum fundarstörfum var alltaf haldin mikil kvöldverðarveisla þar sem gleði ríkti og mátti líkja þessum samkomum við sannar fjölskyldusamkomur. Nú þegar samskiptatæknin gerir allt samband milli dýralækna auðveldara samfara mikilli fjölgun dýralækna og dýralæknapraksísinn ekki lengur rekinn sem fjölskyldufyrirtæki virðist sem þessir „fjölskylduaðalfundarkvöldverðir“ hafi misst sinn tilgang. En áfram skemmta dýralæknar sér.



Frá fyrsta þorrablóti dýralækna í landnámi Ingólfs 1980.

Siðareglur – Codex Ethicus Dýralæknafélags Íslands

Fyrstu siðareglur félagsins voru samþykktar á aðalfundi þess árið 1956 og hafa síðan verið endurskoðaðar í tvígang. Núgildandi reglur eru frá 1995. Í nýju reglunum er meiri áhersla lögð á dýravernd og meðferð dýra í lækningaskyni en ekki er lögð jafnmikil áhersla á bróðurlegar skyldur eins og í fyrri siðareglum. Þá er heldur ekki fjallað um lágmarksgjaldskrá í codexinum en slíkt samræmist ekki nýjum

samkeppnislögum. Siðanefnd er skipuð þremur mönnum, tveir eru félagsmenn kosnir á aðalfundi en sá þriðji er skipaður af stjórn DÍ eftir tillögu Rannsóknastofu í siðfræði.

Nefndin skal fjalla um mál sem skotið er til hennar og úrskurði hennar verður ekki áfrýjað.

Dæmi úr siðareglunum:

1. grein. Dýralæknir skal hafa vakandi auga með því að farið sé vel með öll dýr. Þau séu ekki hrekk, meidd eða kröftum þeirra ofboðið. Hann skal beita sér fyrir því að í aðbúnaði húsdýra sé tekið tillit til þekkingar um náttúrulegt atferli dýranna er tryggi þeim góða vist. Dýralæknir skal gæta þess að ekki sé gengið svo nærri getu dýra að heilsa þeirra skerðist. Sjálfur skal dýralæknir vera til fyrirmyndar í umgengni við dýr.

2. grein. Dýralæknir skal einungis framkvæma þær læknisáðgerðir sem réttmætar teljast og eru í samræmi við viðurkenndar dýralækningar.

13. grein. Dýralæknir skal auðsýna stéttarbróður drengskap og háttvísi jafnt í viðtali sem umtali, ráðum sem gerðum. Honum ber að forðast að kasta rýrð á þekkingu eða störf stéttarbróður.

Merki félagsins

Það kann að virðast einkennilegt en litlar umræður virðast hafa komið fram á fyrstu félagsfundum um gerð merkis fyrir félagið.

Það var ekki fyrr en að nefnd sem skipuð var til að sjá um hátíðahöld í sambandi við 50 ára afmæli félagsins gerði tillögu um að nauðsynlegt væri að félagið hefði sitt eigið félagsmerki. Þetta þótti

nauðsynlegt því að tillaga kom fram í nefndinni að tilhlýðilegt væri að kjósa heiðursfélaga í sambandi við þessi tímamót og heiðursmerki félagsins yrði þá hannað með slík einkenni í huga. Jafnframt yrði það notað á bréfsefni, tímarit og önnur gögn sem tengdust félaginu. Leitað var til Péturs Behrens myndlistarmanns og hönnuðar um tillögur að merki fyrir félagið og var ein tillagna hans síðan samþykkt. Fyrir fjórum árum var samþykkt á aðalfundi tillaga um að endurskoða gerð merkisins þar sem það gæfi ekki nægilega skýra

tengingu við störf og ímynd dýralækna í dag. Tillögur að nýju merki voru lagðar fram á aðalfundi 2001 en engin þeirra þótti uppfylla þær hugmyndir sem uppi voru og samþykkt að halda sig við gamla merkið áfram.



Húsnæðismál

Fyrstu áratugin var „lögheimili“ félagsins hjá viðkomandi formanni og sá hann um geymslu skjala og eignir félagsins. Við formannaskipti gerðust þessir flutningar stöðugt erfiðari og fannst stjórn félagsins nauðsynlegt að huga að föstum samastað til geymslu þessara gagna og einnig að stjórnin hefði fast innskot fyrir stjórnarfundum, nefndarfundum og aðra starfsemi á vegum félagsins.

Það þótti því rakið tækifæri þegar BHM festi kaup á húsnæði í Lágmúla 7 í Reykjavík og aðildarfélagunum var gefinn kostur á að kaupa sig inn í aðstöðuna að grípa það tækifæri. Rýmið sem fest voru kaup á samsvaraði hluta úr ágætu herbergi sem deilt var með öðru aðildarfélagi BHM. Samtímis var samið við BHM um ákveðna þjónustu á skrifstofu, aðgang að skrifstofutækjum og afnot af stærri sal fyrir félagsfundum. Árið 1999 var eignarhluti félagsins seldur þar sem hann þótti ekki lengur henta og væri auk þess of dýr. Eignum félagsins var komið fyrir í geymslu að Keldum en ný aðstaða hefur ekki enn verið útveguð.

Vísindasjóður DÍ

Sjóðurinn var stofnaður af Guðbrandi E. Hlíðar og bræðrum hans í minningu foreldra þeirra, Guðrúnu Louise og Sigurð E. Hlíðar fv. yfirdýralækni,

til eflingar dýralæknamennt á Íslandi.

Á aðalfundi Dýralæknafélags Íslands þann 17. ágúst 1968 afhenti Guðbrandur félaginu til ævarandi eignar og ávöxtunar sjóð að upphæð kr. 80 þúsund. Síðar gáfu ýmis fyrirtæki tengd landbúnaði fé til sjóðsins og einnig hafa félagar DÍ árlega lagt sjóðnum til ákveðið hlutfall af félagsgjöldum sínum sem hefur verið meginstoðin í uppbyggingu sjóðsins ásamt tryggri ávöxtun.

Í skipulagsskrá fyrir sjóðinn, sem upphaflega var gefin út 22. júlí 1968 og endurskoðuð 24. apríl 1979, segir að sjóðurinn sé eign Dýralæknafélags Íslands. Stjórn sjóðsins skipa þrjár dýralæknar, yfirdýralæknir, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, einn dýralæknir kosinn af stjórn DÍ og annar kosinn af aðalfundi DÍ.

Styrk af úthlutunarfénu má veita íslenskum dýralæknum til framhaldsnáms, til vísindastarfa á dýralæknasviðinu eða sem verðlaun fyrir ritgerðir um skyld mál byggðar á sjálfstæðum rannsóknum.

Sjóðstjórn er ennfremur heimilt að veita öðrum einstaklingum eða starfshópum viðurkenningu fyrir mikilvæg störf unnin á sviði dýralækninga. Nám í dýralækningum og einnig sérnám í dýralæknisfræðum er einungis hægt að stunda erlendis og hefur kostnaður því samfara

löngum verið meiri en í flestum hliðstæðum greinum háskólamenntunar.

Það er þess vegna virðingarvert og ánægjulegt fyrir íslenska dýralæknastétt að starfandi dýralæknar skuli leggja á sig þá miklu vinnu sem framhaldsnámi fylgir til þess að geta síðar aukið færni í starfi og þar með aðstoðað bændur og aðra dýraeigendur við sjúkdóma sem hrjá dýr þeirra og kannski öllu heldur veitt þeim haldbetri ráð til að girða fyrir sjúkdóma sem er affarasælast þegar til lengri tíma er litið.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram árið 1978. Frá upphafi og fram til loka ársins 2003 hefur 31 styrkur verið veittur úr sjóðnum.

Styrkirnir hafa verið um 350.000.- kr að jafnaði á núverandi verðgildi. Þó að hér sé ekki um háa upphæð að ræða þar sem oftast er um 2–3 ára nám að ræða léttir það undir í lokin og er jafnframt viðurkenning frá kollegunum sem lagt hafa fé til sjóðsins. Fé sjóðsins nam í lok ársins 2003 kr. 16.796.833.-. Eftirfarandi dýralæknar hafa setið í stjórn sjóðsins:



Fyrsta stjórn Vísindasjóðs DÍ. F.v.: Brynjólfur Sandholt, Páll A. Pálsson formaður og Guðbrandur E. Hlíðar.

Guðbrandur E. Hlíðar, Páll A. Pálsson, Brynjólfur Sandholt, Sigurður Örn Hansson, Jón Pétursson, Magnús H. Guðjónsson, Halldór Runólfsson og Einar Jörundsson.

Eftirtaldir dýralæknar hafa hlotið styrk úr sjóðnum:

Þorsteinn Ólafsson, Eggert Gunnarsson, Grétar Harðarson, Ólafur Oddgeirsson, Halldór Runólfsson, Helgi Sigurðsson, Birnir Bjarnason, Lars Hansen, Sigurður Örn Hansson, Bernharð Laxdal, Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, Rögnvaldur Ingólfsson, Vilhjálmur

Svansson, Páll Skúli Leifsson, Konráð Konráðsson, Guðbjörg Þorvarðardóttir, Gunnar Þorkelsson, Helga Finnsdóttir, Ólafur Valsson, Sigurður Sigurðarson, Sveinn Helgi Guðmundsson, Þorvaldur H. Þórðarson, Björn Steinbjörnsson, Alfreð Schiöth, Kristín Björg

Guðmundssdóttir, Auður Arnþórsdóttir, Magnús H. Guðjónsson, Sigríður Björnsdóttir, Einar Jörundsson og Þóra J. Jónasdóttir.

Auk þess hafa tveir einstaklingar hlotið heiðursverðlaun úr sjóðnum fyrir vel unnin störf við rannsóknir á dýrasjúkdómum: Halldór Vigfússon rannsóknamaður og Guðmundur Pétursson læknir.

Rannsóknasjóður DÍ

Þessi sjóður er afurð kjarasamningsins við ríkið 1989. Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna Dýralæknafélags Íslands til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa.

Stjórn sjóðsins er skipuð af stjórn DÍ. Tekjur sjóðsins eru, a) Framlag ríkisins sem nemi 1.8% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna DÍ, b) vaxtatekjur og c) aðrar tekjur.

Nokkrir dýralæknar sem starfa hjá sveitarfélögum og einkafyrirtækjum hafa komist að sambærilegum samningum um framlag þeirra til sjóðsins. Styrkir úr sjóðnum miðast við þá upphæð sem lögð er til sjóðsins fyrir hvern aðilarfélagi en aðild að sjóðnum eiga aðeins þeir félagsmenn DÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn. Í árslok 2003 var eign sjóðsins kr. 12.640.418.-

Innlend samskipti

Dýralæknafélag Íslands gerðist stofnfélagi að Bandalagi háskólamanna (BHM).

Félagið hefur notið aðstoðar BHM í kjarabaráttu sinni og fengið aðstoð við samningagerð. Einnig hafa félagsmenn notið aðgangs að sumarbústöðum BHM. DÍ er aðili að Samtökum heilbrigðisstétta og hafa starfað þar aðallega á vettvangi heilbrigði og hollustu matvæla.



Frá Opnun XII. Norræna dýralæknaþingsins í Háskólabíói 1974.

Erlend sambönd

Gott samstarf hefur verið alla tíð við dýralæknafélögin á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega við dönsku og norsku félögin. Dýralæknafélag Íslands stóð fyrir framkvæmd Norrænu dýralæknamótanna árin 1974 og 1994 í Reykjavík. Nokkurs efa gætti hjá hinum norrænu dýralæknafélögum hvort félag með jafnfáa meðlimi gæti tekist á við svo stórt verkefni því að þátttakendur voru í bæði skiptin hátt í eitt þúsund en framkvæmd beggja mótanna tókst með ágætum. Nú hefur verið ákveðið að hætta að halda þessi stóru mót þar sem talið er að þau gegni ekki lengur því hlutverki að miðla nýjustu upplýsingum á vísindasviðinu þó þau gætu haldið áfram að vera vettvangur fyrir auknum kynnum dýralækna á Norðurlöndunum og fjölskyldna þeirra.

Árið 1974 var NKVet sett á laggirnar en það er sérstök deild innan NKJ sem fjallar sérstaklega um rannsóknir á dýrasjúkdómum.

NKJ er sameiginleg stofnun á vegum Norðurlandaráðs og er kostuð af því. DÍ hefur verið aðili að þessu samstarfi og er virkur þátttakandi í því starfi sem þar fer fram. Stjórnarmenn félagsins hafa einnig sótt fundi Heimssambands dýralækna (WVA) og Evrópusamtaka dýralækna (FVE) eftir því sem fjárhagur félagsins hefur leyft. Það er mikilvægt fyrir íslenska dýralækna að sækja slíka fundi þar sem samræming í störfum dýralækna, svo sem sjúkdómavarnir og heilbrigðiseftirlit, eykst stöðugt með vaxandi þátttöku Íslands í alþjóðavæðingunni. Sérstaklega er samband okkar við Evrópusamtök dýralækna mikilvægt þar sem þau fylgjast náið með setningu laga og reglugerða Evrópusambandsins þegar fjallað er um heilbrigði dýra og afurða þeirra, dýralyfjamál og dýravernd svo eitthvað sé talið.

Eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt hefur Dýralæknafélag Íslands stutt kollega sína þar á ýmsan hátt, t.d. með því að senda þangað dýralæknaþæki og búnað, og íslenskir dýralækna hafa flutt þar fyrirlestra um dýrasjúkdóma og aðstoðað við uppsetningu tölvubúnaðar. Einnig hefur félagið boðið þarlandum dýralæknum hingað til lands í náms- og kynnisferðir.



Frá móttöku við upphaf XVII. Norræna dýralæknaþingsins 1994 í Ráðhúsi Reykjavíkur

Formenn DÍ 1934-2015

					
Sigurdur E. Hlidar 1934–1944	Jón Pálsson 1944–1958	Ásgeir Þ. Ólafsson 1958–1964	Guðbrandur Hlíðar 1964–1970	Brynjolfur Sandholt 1970– 1975	Jón Pétursson 1975–1979
					
Jón Guðbrandsson 1978–1982	Halldor Runolfsson 1982– 1986	Birnir Bjarnason 1986–1988	Magnús H. Guðjónss. 1988–1991	Ólafur Oddgeirsson 1991–1992	Rögnvaldur Ingólfsson 1992–1996



Eggert Gunnarsson
1996–2000




Ólafur Valsson
2000–2003



Þorvaldur H.
Þórðarson
2003–2007



Sif Traustadóttir
2007-2009



Guðbjörg Anna
Þorvarðardóttir
2009-

